



Berist til mennta- og barnamálaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Landssamtök íslenskra stúdenta og Samband íslenskra framhaldsskólanema krefjast þess að lagt verði mat á áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár.

Ágæt reynsla er nú komin á endurskipulagningu á námstíma til stúdentsprófs og því mikilvægt að gerð verði heildarúttekt á áhrifum þessarar breytinga. Brýnt er að staða þeirra háskólanema sem koma úr hinu nýja kerfi verði skoðuð í samanburði við þá nemendur sem komu úr því fyrra. Úttektin þarf að taka mið af fjölbreyttum þáttum líkt og líðan stúdenta, gæði náms og undirbúning fyrir háskólanám. Jafnframt þarf að meta hvort þau markmið sem stjórnvöld settu fram með þessari breytingu hafi verið uppfyllt og hvaða önnur áhrif breytingin hefur haft á íslenskt samfélag, tómstundaþátttöku ungmenna og vinnumarkað.

Stúdentar krefjast þess sömuleiðis að fulltrúar Landssamtaka íslenskra stúdenta og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema hafi aðkomu að úttektinni og fái aðgang að niðurstöðum hennar.

Rökstuðningur:

Stytting námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár var umfangsmikil breyting sem hafði víðtæk áhrif á íslenskt samfélag, þar á meðal á starfsemi framhaldsskóla, háskóla, líðan ungmenna og íslenskan vinnumarkað. Þar sem nú hefur hlotist reynsla af styttingunni er ástæða til að taka saman upplýsingar um hvaða árangur hefur náðst með breytingunni og hvaða samfélagslegu og efnahagslegu áhrif hún hefur haft.

Í skýrslu þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra frá árinu 2020 um árangur og áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár sem unninn var af beiðni Alþingis kemur m.a. fram að mennta- og menningarmálaráðherra hafi áformað að setja af stað verkefni til fimm ára til að leggja samræmt mat á það hversu vel undirbúnir nemendur koma til háskóla með því að fylgjast með þróun námsárangurs.¹ Sú vinna hefur þó enn ekki hafist og því er mikilvægt að hún hefjist sem allra fyrst.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Alexandra Ýr van Erven
Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta

Fyrir hönd Sambands íslenskra framhaldsskólanema,

Andrea Jónsdóttir
Forseti Sambands íslenskra framhaldsskólanema

¹ <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/1491.pdf>